

Skíðaping 2019

haldið í Ólafsfirði 24.-25.maí



ÞINGSKJAL nr. 11

Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni á snjóbrettum

Flutningsaðili: Snjóbrettanefnd SKÍ

Var:

3. grein

Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við snjóbrettanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur SKÍ um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til snjóbrettanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal snjóbrettanefnd SKÍ úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur snjóbrettanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.

Verður:

3. grein

Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við snjóbrettanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur SKÍ um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til snjóbrettanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal snjóbrettanefnd SKÍ úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. **Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin og/eða ákveðnar greinar, getur snjóbrettanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti og/eða breytt greinum eftir aðstæðum.**

Vísað til: Alpagreinaneftndar Skíðagöngunefndar Snjóbrettanefnd Allsherjanefnd

Afgreiðsla:

Samþykkt Fellt



Skíðaping 2019

haldið í Ólafsfirði 24.-25.maí

Var:

5. grein – útreikningur á bikarstigum

Reikna skal saman stigafjölda hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki og skal veita verðlaun til þess félags sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag kallast Bikarmeistari SKÍ það árið að loknu síðasta móti. Hvert félag safnar stigum undir skráðu nafni.

Verður:

5. grein – útreikningur á bikarstigum

Reikna skal saman stigafjölda hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Hvert félag safnar stigum undir skráðu nafni.

Veita skal stigahæsta félaginu í eftirfarandi flokk verðlaun:

- **U13 og eldri (bæði kyn saman) – Skal það félag kallast Bikarmeistari SKÍ það árið.**

Rökstuðningur:

1. Nefndin telur að þetta sé mikilvægt ákvæði uppá að bregðast við ef þær aðstæður skapast að betra sé að halda eina grein umfram aðra.
2. Verið er að samræma félagakeppni á milli greina þannig að hún sé sem líkust á milli þeirra allra.

Vísað til: Alpagreinaneftndar Skíðagöngunefndar Snjóþrettaneftnd Allsherjanefnd

Afgreiðsla: Samþykkt Felld